

Reglugerð þessi, sem hreppsnefnd Presthólahrepps hefur samið og samþykkt, staðfestist hér með samkvæmt lögum nr. 10 25. jan. 1952, um heimilishjálp, til þess að öðlast þegar gildi og birtist til eftirbreytni þeim, sem hlut eiga að máli.

Félagsmálaráðuneytið, 31. janúar 1962

F. h. r.

Hjálmar Vilhjálmsson.

Jón S. Ólafsson.

AUGLÝSING

um breyting á samþykktum Sjúkrasamlags Reykjavíkur, nr. 13 26. sept. 1958.

1. Önnur málsgr. 7. tl. 11. gr. samþykktu S.R., er staðfestar voru 27. sept. 1958, orðist svo:

„Sjúkradagpeningar nema kr. 57.00 á dag fyrir einhleypan mann eða konu, kr. 64.00 á dag fyrir kvæntan mann eða gifta konu (sbr. þó 7. málsgr. hér á eftir a-lið), og kr. 7.00 fyrir hvert barn, allt að þrem sem er á framfæri hins sjúka og tryggt með honum, sbr. 1. gr. samþykktanna.“

2. Áttunda málsgr. 7. tl. 11. gr. samþykktanna orðist svo:

„Nú dvelst hinn sjúki í sjúkrahúsi eða hæli, þar sem samlagið eða ríkisframfærslan greiða fyrir hann að nokkru eða öllu leyti og lækka þá dagpeningar hans um 80%, ef hann er einhleypur, en nema hálfum dagpeningum einhleyps manns, ef hann er kvæntur. Dagpeningar giftrar konu falli niður, en dagpeningar vegna barna haldast óskertir.“

Framangreind breyting á samþykkt Sjúkrasamlags Reykjavíkur staðfestist hér með samkvæmt lögum nr. 13 31. marz 1960, um breyting á lögum nr. 24 29. marz 1956, um almannatryggingar til þess að öðlast gildi þegar í stað og birtist til eftirbreytni öllum, sem hlut eiga að máli. Jafnframt er úr gildi felld auglýsing, dags. 4. apríl 1960, um breyting á samþykktum Sjúkrasamlags Reykjavíkur, nr. 13 26. sept. 1958.

Félagsmálaráðuneytið, 8. febrúar 1962.

F. h. r.

Hjálmar Vilhjálmsson.

Gunnlaugur Þórðarson.